



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Yfirlýsing Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna Menntasjóðs námsmanna

10. júní 2020

Menntasjóður námsmanna varð að lögum í gær. Stúdentaráð telur að heildarendurskoðun námslánakerfisins sé mikilvægt og tímabært skref til að auka fjárhagslegt aðgengi að námi en undirstrikar að slík vinna er umfangsmikil og má ekki vera gerð í flýti.

Á síðustu vikum hefur frumvarpið flogið í gegnum Alþingi. Stúdentaráð telur að afgreiðsla frumvarpsins, á lokametrum þess, hafi verið fljótfer og ekki gafst tækifæri á að meta frumvarpið eftir nýlega samþykktar breytingar. Þó að þær hafi jákvæð áhrif er margt enn ábótavant í frumvarpinu sem var samþykkt á þingi í dag.

Fyrir tólf dögum gaf Stúdentaráð út [ályktun](#), í kjölfar afgreiðslu frumvarpsins í allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis. Í ályktuninni krafðist Stúdentaráð að mat færi fram á áhrifum breytinga, sem samþykkt var að ráðast í vegna kjarasamninga BHM, á samburð milli kerfanna. Stúdentaráði hefur enn ekki borist samburðurinn sem ráðið óskaði eftir.

Stúdentaráð hvarfar að tilhögun grunnframfærslu framfærslulána er falið sjóðstjórn án skýrra fyrirmæla um endurskoðun milli ára. Ráðið hefur ítrekað bent á að með þessu móti sé engin krafa gerð til stjórnarinnar um að grípa til aðgerða sé þess þörf. Þetta fyrirkomulag hefur ekki verið stúdentum í hag til margra ára og því hafa þeir verið neyddir til að vinna með námi þó þeir séu á námslánum, því framfærslan dugar ekki fyrir útgjöldum. Ráðist er í breytingar til þess að betrubæta og því furðar ráðið sig á því að tilhögun framfærslulána sé óbreytt, þrátt fyrir ítrekaðar ábendingar ráðsins.

Stúdentaráð getur ekki tekið undir með sjálfbærnis hugsjóninni sem einkennir Menntasjóð námsmanna. Ráðið hefur sýnt fram á að nýja námslánakerfið muni skila skatttekjum og sparnaði í skólakerfinu upp á [1-3 milljarða króna árlega](#), fari það svo að markmið kerfisins um að stúdentar klári nám sitt á tilsettum tíma náist. Þetta fjármagn ætti að renna aftur til sjóðsins. Það er raunveruleg fjárfesting í menntun, annað á ekki rétt á sér.

Lánasjóðskerfið er helsta tól hins opinbera þegar kemur að jöfnun aðgengis að háskólanámi. Í rúmt ár hefur Stúdentaráð ítrekað gert athugasemdir við frumvarpið og telur að margt þurfi að bæta svo sjóðurinn nái að uppfylla ætlunarverk sitt sem félagslegt jöfnunartæki. Stjórnvöldum gafst gullið tækifæri til að byggja upp nýtt námslánakerfi í þágu námsfólks en þess í stað var frumvarpinu flýtt í gegn og ljóst er að ekki verður gefið færi á að betrubæta Menntasjóðinn fyrir en önnur heildarendurskoðun á sér stað fyrir haustþing 2023. Stúdentaráð undirstrikar að þegar ráðist er í endurskoðun á kerfi þar sem helstu hagsmunaaðilar þess er námsfólks, ber að gera breytingar í samráði við námsfólk.

Fyrir hönd Stúdentaráðs Háskóla Íslands

Isabel Alejandra Díaz
Forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands